

# Landssamband ísl. verzlunarmanna

---

Ársreikningur

---

**2017**

# Landssamband ísl. verzlunarmanna

---

Ársreikningur

---

2017

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Landssambands íslenzkra verzlunarmanna.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssambands íslenzkra verzlunarmanna („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og videigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og videigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 26. apríl 2018

**KPMG ehf.**

*Sigríður H. Sveinsd.*

## Skýrsla stjórnar

---

Tilgangur LÍV er að efla samtök skrifstofu- og verslunarfólks, vera málsvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra. Skrifstofa LÍV veitir félögunum almenna þjónustu vegna kjarasamninga og skyldra mála. Ennfremur starfar LÍV að starfsmenntun verslunarfólks og hefur haft á hendi kjarasamningagerð fyrir öll aðildarfélögin önnur en VR.

Að álitum stjórnar Landssambands íslenskra verzlunarmanna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu námu tekjur umfram gjöld 2.687.497 krónum. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 35.927.267, bókfært eigið fé í árslok er kr. 35.927.267 og er eiginfjárlutfall félagsins 100%.

Stjórn sambandsins vísar til ársreikningsins varðandi breytingar á eigin fé á árinu.

Í samræmi við samþykktir 23. og 25. þings sambandsins á árunum 2002 og 2005 sér VR um að reka skrifstofu LÍV og er núgildandi samningur frá 17. nóvember 2015. Samkvæmt samningnum skal árlegur skattur aðilarfélaga til LÍV renna óskiptur til VR til að standa straum af kostnaði við rekstur sambandsins fyrir utan kr. 1.757.784 á ári, sem lagðar skulu til hliðar og bætast við peningalegar eignir LÍV. Fjárhæðin hækkar/lækkar í takt við innheimtan skatt LÍV hjá aðildarfélögunum.

Stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2018

Í stjórn

Gudthor Einasson  
Kerstin Björnsd.  
Ólafur Einarsson  
Ragnar Þór Eiríksdóttir  
Vandur Ólafsson

# Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrartekjur</b>			
Skattur frá félögum .....		197.385.385	167.149.566
Framlag VR til LÍV skv. samkomulagi .....		1.757.784	1.568.845
		<u>199.143.169</u>	<u>168.718.411</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Skattur til ASÍ .....		138.523.673	115.027.633
Þjónustusamningur við VR .....		32.884.331	27.939.536
Skattur til erlendra samtaka .....		10.039.399	10.651.788
Laun og launatengd gjöld .....		9.695.762	9.455.788
Ferðakostnaður og fundir .....		5.652.657	2.692.128
Annar kostnaður .....		589.563	1.382.693
		<u>197.385.385</u>	<u>167.149.566</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		1.757.784	1.568.845
Fjármunatekjur .....	4	1.162.134	1.200.787
Fjármagnsgjöld .....	5	(232.421)	(240.152)
<b>Tekjur umfram gjöld</b>		<u><u>2.687.497</u></u>	<u><u>2.529.480</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
<b>Veltufjármunir</b>			
Handbært fé .....	6	35.927.267	33.239.770
		<u>35.927.267</u>	<u>33.239.770</u>
<b>Eignir</b>		<u>35.927.267</u>	<u>33.239.770</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	7		
Óráðstafað eigið fé .....		35.927.267	33.239.770
<b>Eigið fé</b>		<u>35.927.267</u>	<u>33.239.770</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>35.927.267</u>	<u>33.239.770</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

---

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld .....		1.757.784	1.568.845
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.757.784	1.568.845
Innborgaðir vextir og arður .....		929.713	960.635
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		2.687.497	2.529.480
Hækkun handbærs fjár .....		2.687.497	2.529.480
Handbært fé í upphafi árs .....		33.239.770	30.710.290
Handbært fé í lok árs .....		35.927.267	33.239.770



# Skýringar

## 1. Starfsemi

Landsamband Íslenzkra verzlunarmanna var stofnað 2. júní 1957. Í því eru 10 verzlunarmannafélög og deildir verzlunarmanna víðsvegar á landinu með 35.504 fullgilda félagsmenn, skv. skilagreinum frá aðildarfélögum LÍV. Félagsmenn eru 27.974 skv. uppreiknuðum meðalársverkum ASÍ.

Tilgangur LÍV er að efla samtök skrifstofu- og verzlunarfólks, vera málsvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra.

Skrifstofa LÍV veitir félögunum almenna þjónustu vegna kjarasamninga og skyldra mála. Ennfremur vinnur LÍV að starfsmenntun skrifstofu- og verzlunarfólks og hefur haft á hendi kjarasamningagerð fyrir öll aðildarfélögin önnur en VR.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Landssamband ísl. verzlunarmanna fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2017	2016
Laun .....	8.024.442	7.899.134
Lífeyrissjóður .....	883.234	808.636
Önnur launatengd gjöld .....	788.086	748.018
	<u>9.695.762</u>	<u>9.455.788</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	0,8	0,8

Laun stjórnar námu á árinu 2017 samtals kr. 4.875.600, þar af námu laun formanns kr. 4.670.900.

## 4. Fjármunatekjur

	2017	2016
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	1.162.134	1.200.787
	<u>1.162.134</u>	<u>1.200.787</u>



# Sundurliðanir

	2017	2016
<b>Rekstrarkostnaður</b>		
Skattur til erlendra samtaka .....	10.039.399	10.651.788
<b>Laun og tengd gjöld</b>		
Laun .....	8.024.442	7.899.134
Launatengd gjöld .....	1.671.320	1.556.654
	9.695.762	9.455.788
<b>Ferðakostnaður og fundir</b>		
Ferðakostnaður og dagpeningar innanlands .....	488.058	395.831
Ferðakostnaður og dagpeningar erlendis .....	853.260	1.712.984
Fundir og ráðstefnur .....	383.584	583.313
LÍV þing .....	3.927.755	0
	5.652.657	2.692.128
<b>Annar kostnaður</b>		
Bifreiðastyrkur og aðkeyptur akstur .....	228.680	302.499
Hugbúnaður og kostnaður við vefsíðu .....	84.349	91.863
Endurskoðun .....	220.734	193.079
Kostnaður við kjarasamninga .....	0	320.908
Auglýsingar og styrkir .....	55.800	6.200
Framlög til samstarfsverkefna .....	0	322.639
Gullmerki félagsins .....	0	110.000
Annar kostnaður .....	0	35.505
	589.563	1.382.693
	25.977.381	24.182.397